

Mættir: Harpa Reynisdóttir skólastjóri, Arndís Anna Björgvinsdóttir fulltrúi starfsfólks, Arna Véný/Karítas Sumati Árnadóttir fulltrúi kennara, Jóhanna Jakobsdóttir, Bjarni Magnússon FORMEL, Gunnur Elka Ellertsdóttir og Hugji Vilmundur Árnason fulltrúi nemenda.

Ritari: Björg Melsted

Samantekt frá skólaárinu

- Nýtt starfsfólk: Margt nýtt starfsfólk byrjaði í upphafi skólaárs og gleðilegt að segja frá því að öll stefna að því að halda áfram að starfa í Melaskóla.
- Þemadagar skólans voru haldnir í janúar - þemað var Astrid Lindgren og allir nemendur skólans unnu saman að verkefnum tengd þemanu, fyrir utan 7. bekk sem var að leggja lokahönd á árlegt leikritið. Kennarar og nemendur virtust njóta daganna sem heppnuðust vel að sögn kennara og nemenda. “Skemmtilegt og fjölbreytt og gaman að vera með öllum nemendum” segir Hugji.
- Nemendur í Melaskóla tóku þátt Svakalega lestrarkeppnin sem stóð yfir frá 15. september til 15. október. Mikil lestraráhugi er almennt hjá nemendum sem tóku virkan þátt í lestrargleðinni og skilaði skólanum bestum árangri allra skóla sem tóku þátt á landinu. Skólinn þarf að taka ákvörðun um hvort sótt verði um þátttöku á næsta skólaári. Hugji, Karítas og Arna Véný eru sammála því að taka aftur þátt í keppninni.
- [Brúarsmiðir](#) komu til okkar á foreldrasamtalsdögum í febrúar. Brúarsmiðir eru tvítyngisráðgjafar sem starfa hjá Miðju, máls og læsis og styðja við foreldra af erlendum uppruna. Mikil ánægja var með veru þeirra og vert er að skoða hvernig hægt er að nýta þann stuðning enn meira á næsta skólaári.
- Fyrirlögn Matsferils gekk mjög vel og niðurstöður áttu að birtast 29. maí en mögulega verður einhver seinkun á því. Skólinn kemur vel út miðað við niðurstöður landsins en rýna þarf betur í niðurstöður og vinna með þær.
- Um miðjan maí fengum við heimsókn frá Tenerife, skólastjórnendur og kennsluráðgjafar komu til að kynna sér íslenskt skólastarf. Hópurinn var hjá okkur í þrjú daga og kynnti sér helstu áherslu á yngsta- og miðstigi, list- og verkgreinakennslu ásamt stoðþjónustu og íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál.
- Samsöngur var haldinn í fjögur skipti á skólaárinu og er vanalega góð stund í Melaskóla en sérstaklega gaman var að fá góðan gest á síðasta samsönginn í maí. Páll Óskar tónlistarmaður frétti af því að nemendur væru að æfa lag eftir hann og bauðst til að koma og syngja með börnunum. Það var virkilega gaman og heppnaðist vel. “Mjög gaman að fá að syngja með Palla” segir Hugji. Rætt var um fjölda fólks á samsögn, stundum verður mjög þröngt og loftlaust. Kannski má skoða aðra uppsetningu en allir á fundinum mjög ánægðir með samsönginn og þakklátir fyrir gott starf tónmenntakennara skólans, þeirra Svövu Maríu og Mörtu.

- 7. bekkur fór á Reyki í mars og sú ferð heppnaðist mjög vel að sögn kennara og nemenda, “Mjög vel skipulagðir og skemmtilegir dagar á Reykjum” segir Arna Véný. Árshátíð 7. bekkjar, sem foreldrar skipuleggja og halda utan um, var haldinn í fimmta sinn og heppnaðist einnig mjög vel.
- Skólaárinu lýkur með vorhátíð 9. júní og skólaslitum 10. júní - örlítil breyting verður á skólaslitum, í ár verða 1.-3. bekkur saman, 4.-6. bekkur saman og útskrift í 7. bekk. Margar stelpur munu missa af útskriftinni, þar sem þær eru að fara á fótboltamót í Barcelona. Umræða um skipulagðar ferðir á skólatíma og sérstaklega í ljósi þess að ferðin hefur síðastliðin ár verið á sama tíma og skólaslitin.

Undirbúningur næsta skólaárs

- Stjórnendur eru að ganga frá ráðningum fyrir næsta skólaár. Nokkrir kennarar láta af störfum sökum aldurs. Óskar deildarstjóri fagstarfs lætur einnig af störfum sökum aldurs. Búið er að ráða deildarstjóra stoðþjónustu sem byrjar á nýju skólaári en Helga aðstoðarskólastjóri hefur sinnt því hlutverki á þessu skólaári.
- Undirbúningur vegna 80 ára afmælis skólans 5. október 2026 er hafinn og verið er að skoða hvernig skólinn heldur upp á þau tímamót. Þemadagar verða í aðdraganda afmælis og stefnt er á að hafa opið hús á afmælisdaginn.

Húsnæðismál

- Stjórnendur áttu fund með sviðinu eftir langa bið og ítrekaða beiðni um fund. Í stuttu máli var fundurinn ekki góður og lítið um svör. Stjórnendur eru ekki sáttir og munu halda áfram að þrýsta á aðgerðir. Skólinn er fallegur en leitt að segja frá því að starfsaðstæður eru ekki jafn góðar og þær gætu verið og ekki til þess fallandi að laða að nýtt starfsfólk. Stjórnendur binda vonir við að fá annan fund fljótlega og skýrari svör og áætlun um endurbætur sem lengi hefur verið beðið eftir.

Önnur mál

- Elka var með mál sem hún var beðin um að nefna fyrir hönd nemenda og varðar raðir í frímínútum. Raðir fyrir utan inngang í Nýja skóla á voru teknar upp í kjölfar slyss þegar miðstigs nemendur ruddust margir inn á sama tíma. Rætt um skipulagið og hvernig hægt er að passa upp á öryggi allra nemenda en um leið að hlusta á óskir nemenda. Jóhanna segir frá upplifun sinni af skóla dætra sinna í Bandaríkjunum, þar hringdi skólabjallan tvisvar í lok útiver, við fyrstu hringingu áttu nemendur að fara í röð og við seinni hringingu hleyptu kennarar nemendum inn.
- Arndís sagði frá viðbragðsteymi sem myndað var í upphafi skólans og hugsað til að auka enn frekar öryggi og stuðning við starfsfólk og nemendur. Teymið sótti námskeið á vegum SFS, útbjó viðbragðs- og verklagsáætlun ásamt því að taka sérstakan viðbragðssíma í notkun, sem starfsfólk teymisins skiptist á að hafa á sér. Starfsfólk skólans getur hringt í símann ef þörf er á aðstoð.

- Rætt var um að framkvæma samantekt á rúmlega tuttugu ára sögu húsnæðisvanda Melaskóla. Taka saman skýrslur, áætlanir [o.fl.](#) sem lítur að endurbótum á húsnæði og skólalóð. Stjórnendur í samvinnu við skólaráð fara í þá vinnu í júní.